

Fundargerð 181. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur haldinn að Geirsgötu 9, fimmtudaginn 28. febrúar kl. 14:00.

Viðstaddir: Halldór Eiríksson formaður, Halldór Halldórsson, Steinunn Fjóla Sigurðardóttir og Anna G. Sverrisdóttir.

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir og Snorri Valsson.

Dagskrá

1. Fundargerðir 179 og 180:
Fundargerðir samþykktar og undirritaðar.
2. Umsóknarferli FF14 – 2019.
Bréf til ráðherra með tillögum að styrkþegum 2019 (FF14) ásamt fylgiskjölum samþykkt og undirritað. Sjá meðfylgjandi skjal.

Næstu fundir:

14.03 2019 kl. 13:00

21.03 2019 kl. 13:00

28.03 2019 kl. 13:00

Fundi slitið kl. 14:59

Fundargerð ritaði: Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir

Undirskriftir stjórnarmanna

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir
Anna G. Sverrisdóttir
Halldór Halldórsson
Halldór Eiríksson

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra ferðamála
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 28. febrúar 2019

Efni: Tillögur stjórnar FF að úthlutun styrkja 2019 úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Á fundi sínum þann 28. febrúar 2019 samþykkti stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða meðfylgjandi tillögur að úthlutun styrkja úr sjóðnum, sem hér með eru sendar ráðherra til ákvörðunar.



Auglýst var eftir umsóknum þann 29. september í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu, en umsóknarfrestur var frá og með 1. október til miðnættis 28. október 2018. Umsóknarfrestur var framlengdur til hádegis mánudaginn 29. október vegna tæknilegra örðugleika. Nýsköpunarmiðstöð Íslands sá um að veita þeim umsækjendum sem eftir því óskuðu leiðbeiningar við undirbúning og gerð sinna umsókna.

Alls bárust 143 umsóknir um styrki að fjárhæð kr. 2.283.998.797,- til verkefna að fjárhæð kr. 2.940.224.991,-. Til úthlutunar að þessu sinni eru kr. 504.800.000,-. Af innsendum umsóknum voru 34 ekki taldar uppfylla formkröfur sjóðsins eða falla utan verksviðs hans skv. lögum nr. 75/2011 og reglugerð nr. 782/2017 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Að þessu sinni er lagt til að alls 40 verkefni séu styrkt, samtals að fjárhæð kr. 504.800.000,-. Samkvæmt stigamati sjóðsins geta átta verkefni talist alhliða, þ.e. snúa að uppbyggingu, náttúruvernd og bættu öryggi á ferðamannastöðum. Sex þeirra hafa náttúruvernd og öryggi að leiðarljósi, fimm leggja áherslu á uppbyggingu og öryggi og fjögur uppbyggingu og náttúruvernd. Að síðustu eru nokkur afmörkuð verkefni sem hafa einn meginþátt að leiðarljósi, þ.e. níu sem snúa að uppbyggingu, fimm að bættu öryggi og þrjú að náttúruvernd. Hæstu einstöku tillögurnar eru styrkir í lokaáfangu uppbyggingar við Goðafoss í Þingeyjarsveit (kr. 58.750.000,-), áframhald uppbyggingar á Breiðinni á Akranesi (kr. 35.000.000,-) og uppbyggingu við Laufskálavörðu í Álftaveri (kr. 32.183.480,-).

Tillögur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða eru unnar samkvæmt lögum nr. 75/2011 og reglugerð nr. 782/2017 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Virðingarfyllt,


Halldór Erlíksson formaður

Halldór Halldórsson


Anna G. Sverrisdóttir

Steinunn Fjöla Sigurðardóttir

